

Við kveikjum einu kerti á.

Herdís Egilsdóttir (Aðventusálmur)



Við kveikjum einu kerti á

Það kennt við spádóm er.

Fátækt barn í fjárhúskró

með frið í hjarta sér.

Við kveikjum öðru kerti á

af kærleik fyllast menn.

Sitt nafn það ber af Betlehem,

þar barnið fæðist senn.

Við kveikjum þriðja kerti á

það kennt er hirða við,

sem gættu kind'um napra nótt

í nánd við fjárhúsið.

Við kveikjum fjórða kerti á.

Nú komin eru jól

og englar syngja undurblítt

svo ómar heims um ból.

